



HÁSKÓLI ÍSLANDS


Snorri Sturluson:

Frumkvöðull frjálslyndrar íhaldsstefnu?

Hannes H. Gissurarson

Miðaldastofa, 2. desember 2021

Lögbergi 101, 16.30




Ekki ný skoðun, en nýtt samhengi

- Sigurður Líndal, Stjórnspeki Snorra Sturlusonar, eins og hún birtist í Heimskringlu, *Úlfljóttur*, 60. árg. 3. hefti (2007), bls. 651–732.
- Magnús Fjalldal, Beware of Norwegian Kings, *Scandinavian Studies*, 85. árg. 4. hefti (2013), bls. 455–468.
- Birgit Sawyer, *Heimskringla: An Interpretation*. Tempe, AZ: ACMRS Arizona Center for Medieval and Renaissance Studies, 2015.
- Sigurður Nordal, *Íslensk menning*. Reykjavík: Mál og menning, 1941.
- Nýtt, að stjórnspeki Snorra sé sett í samhengi við vestræna stjórnmálaarfleifð, sérstaklega frjálslynda íhaldsstefnu


Frjálslynd íhaldsstefna

- Heil. Tómas: Valdsmenn bundnir af náttúruréttinum, eðlisréttinum, og afhrópaðir, rjúfi þeir hann
- Lögin eltist ekki við syndir, öðrum skaðlausar
- Locke: Valdsmenn bundnir af sáttmála borgaranna, sem gerður er til varnar réttindum þeirra
- Fjögur stef: Valddreifing, viðskiptafrelsi, einkaeignarréttur, virðing fyrir hefðum



Hver var Snorri?

- Fæddur 1179, en fósturaður á fræðasetrinu Odda
- Frjósöm tvísýni: Sturlungur og Oddaverji, Íslendingur og utanfari, á mótum Þjóðveldis og konungsríkis
- Afar Jóns fóstura hans: Sæmundur fróði, höfundur týndrar konungasögu, og Magnús konungur Berfættur
- Lögsögumaður 1215–1218 og 1222–1231
- Utanferðir 1218–1220 og 1237–1239
- Drepinn að konungsboði 1241



Áhrif Ara fróða: Sérstaða Íslendinga

En þá hóf hann tölu sína upp, er menn komu þar, og sagði, að honum þótti þá komið hag manna í ónýtt efni, ef menn skyldi eigi hafa allir lög ein á landi hér, og taldi fyrir mönnum á marga vega, að það skyldi eigi láta verða, og sagði, að það mundi af því ósætti verða, er vísa von var, að þær barsmíðir gerðust á milli manna, er landið eyddist af. **Hann sagði frá því, að konungar úr Norvegi og úr Danmörku höfðu haft ófrið og orrustur á milli sín langa tíð, til þess uns landsmenn gerðu frið á milli þeirra, þótt þeir vildu eigi. En það ráð gerðist svo, að af stundu sendust þeir gersemar á milli, enda hélt friður sá, meðan þeir lifðu.** „En nú þykir mér það ráð,“ kvað hann, „að vér látum og eigi þá ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo mál á milli þeirra, að hvorir tveggju hafi nakkvað síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn.“

Áhrif Sighvats Þórðarsonar

- Í lýsingu Sighvats í *Heimskringlu* er Snorri líka að lýsa sjálfum sér, sjálfvöldu hlutverki sínu
- Orðið „íslensk“ kemur fyrst fyrir í lausavísu hans
- Sighvatur var vinur og ráðgjafi konunga, ekki flaðrari eða trúður
- Hann orti Bersöglisvísur til Magnúsar Ólafssonar og varaði konung við að fara offari gegn bændum
- Konungur lét skipast
- Metnaðarmál orðsins manna: að sannfæra valdsins menn með orðkynngi (sbr. Platón og *Furstann* e. Machiavelli)
- Sagan um landvættirnar dæmi



Landvættirnar

- Dreki, gammur, griðungur, risi
- Sögnin frá Esekíel spámanni og Opínberunarbók Jóhannesar, nema (vængjað) ljón í stað dreka
- Sagt um Danakonung, en ætlað Noregskonungi, sem hugði á innrás
- Ísland fjarlægt og erfitt að halda landinu gegn vilja landsmanna
- Hafði tilætluð áhrif, hætt við innrás
- Líka niðurstaða Breta allt fram til 1940

þa scaktaslit æt leko. Vljr. j. v m sciort oðe 2 o
 yegir. bædi i oðv æt iollo oðe lurtu i hū m
 estri j m g m d a r m v t. lio æt h m micill æt er
 saga micil f. hō logd. V. j. v m ricastir idam m.
 þeð e k m liddi. Sijt v. j. v Gyða e at gudin
 j vlj: nadel l. Oe v ll. þa haralde engla k r Tol
 ti. j. Vallfnojr. j. Maro k a r i. j. Suenij. j. Gyða
 d. þra e at Eacpærde huygode engla k. **vig vj.**
 ij e þ leco at scaktasli k. k 2 v. j. þa lœc k
 fingr bōt mikuy. þa skæcpi j. q. hō riddara.
 k bar apte tapl h 2 l. æt h seylði aij leika. Jarl
 reiddiz æt seart nide tapl bōrdino. Stōð up æt

h m mija hapa sidan. þat eg e þei oleðana
 ey os at hia uti alicpō i hōst lip. 2 m oll
 sigrl addit ej: os scort eg þra 2 t r o p r i. hej: sva
 þar i svit at v h o p r u h a p t l i d m i j a. ey þr
 h a a l a t f. os bædi m 2 þe. þa t s u i a r a t t a
 l a. l. at þ v e c k i r a d a t b i d a þ y e t t r 2 p r e a.
 þot noid m e s i þ. y t t a þ o g e r l a h v i l l a g k u
 t j o h a t v d a. 2 p r i s h a p a l t o p t l a y e t t r o. y l i o
 v f h e i 2 v a k e c k i l e g r. G o d o þ a s u i a r k u r
 m i e n j. 2 m l h r i o d a s t a d a i s l. V a r þ g r a d i t
 a t G n d e k f r þ a i b t m z a l l t s i t t l i d. ey O. k v
 ij e O l. k l a þ. **f. d o l i 2 T o p a** þ a e y e p t i r.
 h a æt h o v t t a l 2 r a d a b d v l i d s i t. k m

Verk Snorra

- *Edda* samin fyrir 1218 til að endurvekja skáldskaparlistina, útflutningsvöru Íslendinga (Kevin Wanner)
- *Heimskringla* samin í Noregsferðinni og eftir það, 1218–1237, til að fræða og skemmta og koma óbeint að skoðunum Snorra
- *Egla* samin eftir síðari Noregsferðina, 1239–1241, fjandsamlegri konungum

Á mótum gamals og nýs

- Snorri: Konungur ríkir með samþykki þegnanna, bundinn af hinum góðu, gömlu lögum
- Lögin *sammæli landsmanna*, þróast líkt og tungumálið í rás aldanna
- Réttarheimildir: venja, fordæmi, meginreglur laga
- Ný hugmynd: Konungur ríkir af Guðs náðs, óbundinn af lögum
- Lögin *fyrirmæli konunga*, öll lög sett lög, vilji valdhafans
- Munurinn á *eðlisrétti* heil. Tómasar og Snorra annars vegar og *vildarrétti* hins vegar



Rauði þráðurinn í Heimskringlu

- Konungar verða að virða lögin, ella má setja þá af
- Góðir konungar halda álögum í hófi og stunda ekki hernað, vondir konungar hækka skatta og hefja að þarflausu hernað
- Munurinn á Haraldi hárfagra og Hákonu Aðalsteinsfóstra
- Og á Orkneyjajörlunum Brúsa og Einari
- Og á Magnúsi Ólafssyni fyrir og eftir Bersöglisvísur Sighvats
- „Í stórum dráttum ber Heimskringla vott um fornan hugmyndaheim germanskra þjóða um lög og rétt og er til marks um sjálfræði og einstaklingshyggju“ (Sigurður Línal, 2007, bls. 721).

Ræða Þorgnýs lögmanns


Nú er það vilji vor búandanna að þú gerir sætt við Ólaf digra Noregskonung og giftir honum dóttur þína Ingigerði. ... Með því að þú vilt eigi hafa það er vér mælum þá munum vér veita þér atgöngu og drepa þig og þola þér eigi ófrið og ólög. Hafa svo gert hinir fyrri foreldrar vorir. Þeir steyptu fimm konungum í eina keldu á Múlaþingi er áður höfðu upp fyllst ofmetnaðar sem þú við oss. Seg nú skjótt hvorn kost þú vilt upp taka. (80. k.)



Ræða Einars Þveræings 1024

En þótt konungur sjá sé góður
maður, sem eg trúi vel að sé, þá mun
það fara héðan frá sem hingað til þá
er konungaskipti verður að þeir eru
ójafnir, sumir góðir en sumir illir. En
ef landsmenn vilja halda frelsi sínu
því er þeir hafa haft síðan er land
þetta byggðist þá mun sá til vera að
ljá konungi einskis fangstaðar á,
hvorki um landa eign hér né um það
að gjalda héðan ákveðnar skuldir
þær er til lýðskyldu megi metast.
(125. k.)





Uppreisn einstaklingsins

- Jacob Burckhardt taldi einstaklingshyggjuna fæðast á endurreisnartímanum á Ítalíu
- En Sigurður Nordal benti á, að Egill Skallagrímsson er fyrsti germanski einstaklingurinn
- Hann stígur fram úr ættinni, byggðinni, landinu, reisir konungum níðstöng og steytir hnefa að guðunum
- „Mannfólkið var hnappsetið í stærri eða smærri hópum, einstaklingurinn hlekkur í festi kynslóðanna, laufblað, sem gróið var við ættarmeðiðinn.“ (Bls. 203.)

Snorri upphafsmaður Íslendingasagna?

- Hvað olli íslenska kraftaverkinu? Eitt svar: Efnamenn eins og Snorri (dýrt að framleiða bækur, slátra kálfum í skinn, tína sortulyng, halda uppi skrifurum)
- Eiríks saga rauða og Grænlandinga saga að vísu skráðar fyrr, arfsagnir úr ætt Guðríðar Þorbjarnardóttur
- Flestar Íslendinga sögur hins vegar skráðar á eftir Eglu
- Snorri því upphafsmaður bókmenntahefðar (Jónas Kristjánsson)
- Spruttu sögurnar af þörf Íslendinga til að skilgreina sig frá Norðmönnum? Er kveikjan að þeim umrót á mótum tveggja tíma? (Theodore M. Andersson)
- Eru þær um sérstöðu Íslendinga?
- Íslendingaþættir oft um upplitsdjarfa Íslendinga, sem láta konunga ekki eiga neitt hjá sér

Snorri nýtur ekki sannmælis

- Sturla Þórðarson aðalheimildin; tvíræður í afstöðu til Snorra, gætir gremju hins afskipta frænda, öfundarblandinnar aðdáunar
- Dæmi: Segir Snorra hafa verið fjöllyndan, en það voru nær allir höfðingjar Sturlungaaldar
- Sturla gefur í skyn, að Snorri hafi lofað að koma landi undir konung, en svikið það heit (saga ætluð Noregskonungum)
- Alls óvíst: Skoðum hvað Snorri *gerði* og hvað hann *skrifaði*, ekki hvað Sturla telur hann hafa *sagt* í Noregi
- Stefna Snorra: Verum *vinir* Noregskonungs, ekki *þegnar* hans
- Sturla reynir að koma sök á vígi Snorra á Gissur, en líklega var þetta fyrirskipun Hákonar: Sturla hlífir jafnan konungi



Endurómur Snorra

- Þorvarður Þórðarson: „Best að engi sé.“ Við Djúpadalsá 20. júlí 1255.
- Broddi Þorleifsson: „Betur að þjóna öngvum ef hann mætti kyrr sjást.“ Við Vallalaug 1255.



Árekstur hugmynda um konungsvald og lög

- Vilhjálmur kardínáli af Sabína 1247 „kallaði það ósannlegt, að land það þjónaði eigi undir einhvern konung sem öll önnur í veröldinni“ (Hákonar saga)
- Furðulegt: Vilhjálmur hafði skipað málum í Eistlandi, þar sem þýskar riddarareglur réðu, og var frá Ítalíu, þar sem borgríki stóðu
- Fór Sturla rétt með?
- Loðinn Leppur 1281 varð „mjög heitur að búkarlar skyldu gera sig svá digra að þeir vildu skipa lögum“ (Árna saga biskups). Vildi hann, að bændur játuðu lögbók og treystu síðan á miskunn konungs um einstakar úrbætur



Hlaut stefna
Snorra að
mistakast?



Eru hugmyndir Snorra úreltar?

- Konungar horfnir, í þeirra stað kominn lýðurinn og fulltrúar hans
- Eiga lög að vera óheftur vilji lýðsins? Vildarréttur?
- Nei, segja frjálslyndir íhaldsmenn og skírskota (sumir) til eðlisréttar, sem á sér upptök ýmist í mannlegri skynsemi (heil. Tómas) eða sögulegri arfleifð (Snorri)
- Réttarríkið: Lögin skulu ráða, ekki mennirnir
- Lýðurinn jafnhættulegur frelsi innan marka laganna og konungur forðum, óheft lýðræði getur orðið ofríki meiri hluta eða skipulagðra minnihlutahópa
- Stjórnarskrár eiga að setja lýðnum og fulltrúum hans skorður
- Konungar ekki lengur afhrópaðir, en lýðurinn fær tækifæri til að setja fulltrúa sína af í kosningum á nokkurra ára fresti
- Lýðræði ekki stjórn lýðsins, heldur kostur á friðsamlegum stjórnarskiptum
- Hugmyndir Snorra enn forvitnilegar og frjósamar í umræðu

